Katanes í Hvalfjarðarsveit

- Forkönnun á bæjarhól 2025



Adolf Friðriksson

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík, 2025

FS1072-25051

©Fornleifastofnun Íslands ses 2025

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Samantekt

Fyrirhugað er að reisa verksmiðju í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd. Eru þau áform tilefni rannsókninar, sem var unnin samkvæmt úrskurði Minjastofnunar Íslands (dags. 9.6.2025).
Árið 2025 takmarkaðist rannsóknin við forkönnun á bæjarhól Kataness. Markmið uppgraftar var að meta umfang mannvistarleifa í og við bæjarhól.
Grafnir voru 13 skurðir (sbr. flugmynd), um 1 m br en mislangir eftir aðstæðum. Snið skurða voru teiknuð og skráð. Í ljós kom að bæjarhóllinn er minni að umfangi en útlit hans gaf til kynna. Er það vegna þess að þegar íbúðarhús og útihús voru rifin, voru húshlutar og húsmunir urðaðir á staðnum að einhverju leyti.
Nær engar mannvistarleifar eru á vestanverðum hólnum, en þeim mun meiri austanmegin og sunnan. Leifar yngsta torfbæjarins komu í ljós rétt undir yfirborði og virðast hafa sloppið að mestu, Þar sem mesta raskið við seinni tíma byggingar er sunnan þeirra. Framarlega á hólnum kom í ljós torfhleðslur og hrunlög sem virðast eldri. Gjóskulag frá Kötlu (um 1500) fannst í sniði norðan við hólinn og var óvenju heillegt í ljósi þess hve nærri bæjarhlaðinu það liggur. Það sést einnig í torfi í yngsta bæjarstæðinu, og liggur að og ofan á eldri torfleifum sunnan til.
Grafið var í gegnum mannvistarlög á borð við móösku og torfhrun og niður í óhreyfðan jarðveg. Gólf fundust ekki í prufuskurðunum, engir gripir og engin bein.
Svo virðist sem ekki hafi verið búið á hólnum um 1500, heldur nokkru fyrr, og svo síðar. Má vera að bærinn hafi farið í eyði. Eins er mögulegt að bærinn hafi staðið nær sjónum, á nesinu niðurundan hólnum, en verið færður ofar í landið sökum landbrots sem algengt er á Akranesi. Gætu eldri torfhleðslur því verið ummerki um útihús frá þeim bæ við ströndina, en bærinn sjálfur síðan verið færður upp á útihúsahólinn þar sem hann síðan stóð þar til búskap var hætt á Katanesi.

Efnisorð: Katanes, Hvalfjarðarsveit, bæjarhóll, forkönnun, könnunarskurðir

Abstract

Development plans are underway to construct a factory on the land of Katanes on the shores of Hvalfjordur. This investigation is conducted in accordance with a decision by the State Antiquary Agency (Minjastofnun Islands, dated June 9, 2025). In 2025, the investigation was limited to a preliminary test trenching of the farm mound at Katanes. The aim of the excavation was to assess the extent of human settlement remains in and around the farm mound.

Thirteen trenches were dug (see aerial photograph), approximately 1 meter wide and of varying lengths depending on location and circumstance. The layout and section of the trenches was drawn and recorded. It was revealed that the farm mound is smaller in extent than its appearance suggested. This is likely because, when the residential and outbuildings were demolished, building materials and rubble were not removed, but spread over the area.
Almost no human settlement remains were found on the western part of the mound, but more were found to the east and south. The remains of the last generation of turf houses were found just below the surface and appear to have largely escaped destruction, as the greatest disturbance from later construction is south of them.
Further into the mound, older turf layers and collapse deposits were uncovered. A layer of tephra from the Katla eruption (around 1500) was found in a trench north of the mound and was surprisingly intact, considering its proximity to the farm ruins. This layer is also visible, embedded in the turf of the last farm site, while it was found covering older turf remains to the south.
The trenches were cut through cultural layers such as midden material and turf collapse, down to undisturbed soil. No floors, artifacts, or bones were found in the test trenches.

It appears that the site was not inhabited around 1500, but rather somewhat earlier and then later. Perhaps the farm had been temporarily abandoned. Alternatively, the farm may have originally been located near the shore, on the headland below the mound, but was moved further inland due to coastal erosion, which is common in the Akranes area. The older turf layers could therefore be remnants of outbuildings on the mound, and the main farmhouse later moved to the outhouse site, where it stood until farming ceased at Katanes.

Keywords: Katanes, Hvalfjarðarsveit, farm mound, test trenches

Efni

Samantekt 3

Abstract 4

Inngangur 6

Fyrri athuganir 7

Um bæjarhólinn á Katanesi 7

Uppgröftur 2025 9

Skurður 1 9

Skurður 2 11

Skurður 3 13

Skurður 4 14

Skurður 5 15

Skurður 6 16

Skurður 7 17

Skurður 8 18

Skurður 9 19

Skurður 10 20

Skurður 11 21

Skurður 12 22

Skurður 13 23

Niðurstöður 24

Heimildir 26

Grunnupplýsingar 27



Mynd 1. Afstöðumynd. Bæjarhóllinn liggur vestarlega í Kataneslandi, niður við sjó.

Inngangur

Sumarið 2025 fór fram fornleifarannsókn á bæjarhól Kataness í Hvalfjarðarsveit að ósk Íslenska vetnisfélagsins. Var hún liður í undirbúningi framkvæmda í landi Kataness og annaðist Fornleifastofnun Íslands ses rannsóknina. Fyrir lá úrskurður Minjastofnunar Íslands (9.6.2025) með kröfu um að þar yrði gerð fornleifarannsókn (leyfi nr. MÍ 252506-0126, Þjs 2025-43). Verkefnið var unnið til samræmis við úrskurðinn og fólst í að gera forkönnun á hólnum og meta ástand og umfang mannvistarleifa þar.
Í þessari skýrslu er greint frá framvindu rannsóknar og birtar niðurstöður hennar.

Fyrri athuganir

Fyrirhugaður framkvæmdareitur liggur allur innan gömlu landamerkja Kataness í Hvalfjarðarsveit, fyrrum Strandarhreppi. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á þessu svæði. Árið 1990 voru teknar loftmyndir af völdum stöðum í Hvalfirði í tilefni af þróunarverkefni á vegum Fornleifastofnunar, þar á meðal var Katanes og nágrenni. Kerfisbundin skráning fornleifa hófst hinsvegar ekki fyrr en árið 2000 er Fornleifastofnun skráði fornleifar í landi Klafastaða og vestasta hluta Kataness vegna áforma um álver og í anda löggjafar sem þá gilti um lögbundna skráningu fornleifa vegna aðalskipulagsvinnu og var það fyrsta skráning minja í Hvalfjarðarstrandarhreppi[1]. Árið 2003 fór fram aðalskráning í öllum hreppnum[2]. Sama ár var gerð úttekt vegna fyrirhugaðra framkvæmda á tveimur litlum reitum, þ.e. á bæjarstæði Kataness og norðan þess, sem og á túnum austan bæjarins[3]. Loks voru gerðar frumathuganir með könnunarskurðum vorið 2014[4] og þá um haustið fór fram rannsókn með uppgrefti á 7 minjastöðum[5]. Í tilefni af nýjum áformum um landnýtingu á Katanesi ar loks ráðist í rækilega fornleifaskráningu 2023 vegna fyrirhugaðs umhverfismats[6].
Engin fornleifauppgröftur hafði verið gerður á bæjarhólnum á Katanesi fyrr en sumarið 2025.


Um bæjarhólinn á Katanesi

Upphaf byggðar á Katanesi er óþekkt en ljóst að hún nær aftur á miðaldir og líklega til landnámsaldar, enda getið í elstu heimildum um byggð í hreppnum. Kataness er getið í landnámu og er fornbýli. Í Landnámabók (H) segir að að þar hafi fyrstur búið írskur maður, Kalman[7]. Bregður staðnum einnig fyrir í Harðar sögu og hólmverja[8]. Í máldögum er jörðin tilgreind sem eign Saurbæjarkirkju frá því fyrir 1300[9].

---

[1] Adolf Friðriksson, 2000. Fornleifakönnun í landi Klafastaða og Kataness. Fornleifastofnun Íslands, FS127- 00181, Reykjavík.
[2] Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson. 2003. Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandahreppi. Fornleifastofnun Íslands, FS214-00034, Reykjavík.
[3] Adolf Friðriksson, 2003. Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003. Fornleifastofnun Íslands, FS205-03071, Reykjavík. Birna Lárusdóttir, 2003. Fornleifakönnun í landi Kataness II: Úttekt á tveimur byggingarreitum vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju. Fornleifastofnun Íslands, FS208-03072, Reykjavík.
[4] Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir o.fl.,2015. Fornleifarannsóknir á Katanesi 2014 : forkönnun. Fornleifastofnun Íslands, FS561-14181, Reykjavík.
[5] Hildur Gestsdóttir, & Guðrún Alda Gísladóttir, 2015. Fornleifauppgröftur í Katanesi 2014. Framkvæmdarannsókn. Fornleifastofnun Íslands, FS563-14182, Reykjavík.
[6] Adolf Friðriksson, Fornleifar á Katanesi - Skráning fornleifa vegna umhverfismats 2023. FS966-23351, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2023
[7] ÍF I, 61.
[8] Harðar saga, ÍF XII, 72.
[9] DI I 265 sbr. [1367]. DI III 223; 1397. DI IV, 197-198; [1491-1518]. DI VII, 55; 1575. DI XV 631-632.

Elsta bæjarstæði Kataness er óþekkt, en má vera að bærinn hafi ávallt staðið á sama stað.
Bærinn í Katanesi stóð á lágum hól syðst í landareigninni, skammt upp frá sjónum.
Í örnefnalýsingu er síðasta torfbænum í Katanesi lýst: "Katanesbærinn, sem ég [Valgarður L. Jónsson] ólst upp í, var byggður 1896, sama ár og faðir minn fæddist. Bjarni Bjarnason lét byggja hann. Bæjarhúsin voru þannig: Baðstofa 6x2 álnir, Norðurendi, tvær rúmlengdir, Suðurendi, tvö stafgólf, og Kamis eða Litlaherbeggi (gekk undir þessum nöfnum); þar var eitt rúm, þvert. Fyrir vestan Kamisþilið var smágangur. Úr honum gengið í þessi þrjú verelsi og svo fram, þar um gang, sem hét Dimmugöng. Næst komu bæjardyr, inn af þeim hlóðareldhús, en vestasta burstin var á búrinu; þar skilvinda og mjólkurílát o.fl. Bærinn var alþiljaður og var talinn hið vandaðasta hús þess tíma."[10]
Ekki er vitað hvenær torfbærinn var rifinn, en á bæjarhólnum stóð fram yfir síðustu aldamót steinsteypt íbúðarhús og gömul útihús. Búskap var hætt á síðustu öld og bær og útihús rifin og urðuð á bæjarstæðinu árið 2008.
Sumarið 2025 var bæjarhóllinn gróinn og yfirborð hans fremur slétt. Við undirbúning uppgraftar var gerð hæðarmæling á hólnum. Eru rætur hans sunnan megin um 5 m yfir sjávarmáli, en hæsti toppur hans um 9 metrum yfir sjávarmáli. Þegar felldar eru saman hæðamælingar og loftmyndir 2025 ásamt afstöðu síðustu húsanna sem þar stóðu þá sést að háhóllinn liggur að baki húsaröðinni (mynd 2).



Mynd 2. Samsett mynd. Brotalínan sýnir hæðarlínur í metrum, lega húsa er sýnd með bláum lit.

[10] Ö-Katanes, 13, 14.


Athyglisvert er að bera saman hæðarmælingar við ljósmynd sem tekin var af bæjarhólnum árið 2000. Myndin er tekin úr austri og þar má sjá að á bakvið útihúsin er dálítill hóll, og mætti ályktа að hann hafi verið leifar efsta hluta bæjarhóls, sem hafi verið sléttaður fyrir ný hús sunnan við hann (mynd 3).



Mynd 3. Myndin er tekin úr austri. Íbúðarhúsið er, hlaðan rís hæst og útihús austan hennar sjást fremst. Áberandi hóll er bak við austustu húsin (Fornleifastofnun Íslands ©).

Uppgröftur 2025


Öll hús á bæjarstæði Kataness voru rifin árið 2008, en hægt var að áætla legu húsgrunna með því að leggja saman eldri og yngri loftmyndir. Leitast var við að grafa skurði sem sýndu sem rækilegastar upplýsingar um hvar minjar væri að finna, hvert umfang þeirra væri og í hvaða ástandi. Grafið var í hólinn frá öllum hliðum og skurðir hafðir þéttari þar sem mannvistarleifar komu í ljós.
Skurðirnir voru teknir með lítilli vélgröfu með 1 m breiðri skóflu. Eru þeir mislangir og misdjúpir eftir aðstæðum. Hverjum skurði var gefið númer og langsnið þeirra teiknað.
Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð: hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, hola, gröf, eða byggingahluti) á minjasvæði er skráð sem atvik (eining) í uppsöfnun minja. Hver eining er skráð og gefið númer í hlaupandi númeraröð. Í lýsingu á árangri vettvagnsvinnu er vísað í númer eininga þar sem það á við. Verður nú jarðlögum og mannvistarleifum í hverjum skurði lýst fyrir sig.



Mynd 4. Skurður 1. Þversnið vesturhliðar. Syðri endi efst t.v.

Skurður 1

Skurður 1 er vestast á svæðinu, næst heimreið. Hann er 1 m breiður og 13 m langur, með stefnu frá SV til NA. Syðri endi skurðar liggur innan húsastæðis viðbyggingar við fjósið og liggur skurðurinn þaðan til noðausturs út á malarborið plan sem var fyrir aftan útihúsin.
Teiknuð var vesturhlið skurðar.
Efst er þykkt grasrótarlag [101] og undir því aðborin möl [103], ofaníburður fyrir athafnasvæði bakvið útihúsin á bæjarstæðinu. Í suðurenda skurðar, þ.e. næst byggingum er alldjúp malarfylling [102], um 60 sm, sem nær út að leifum af steinsteypum vegg [108]. Liggur hann á ská yfir skurðinn. Suðurendinn er inni í viðbyggingu við NV horn fjóssins. Veggjarbrotið í skurðinum er m.ö.o. norðurveggur þessarar viðbyggingar og liggur hann eins og öll bæjarhúsaröðin þ.e. VSV-ANA. Þegar grafið [107] var fyrir veggnum á sínum tíma hefur verið farið í gegnum nokkur lög og ofan í óhreyfðan jarðveg, þ.e. malargrús [109].
Undir grasrótarlagi og ofaníburði utan við haughúsvegg er lag af rauðbrúnni mold, með stöku flekkjum af rauðbrúnni móösku og kolablettum [104-105] einkum í efri hluta þess [104] og þá aðallega sunnantil, þ.e. nær útihúsum. Lagið er þykkast næst húsi, um 70 sm en þynnst til norðurs. Hefur það lag verið fjarlægt í suðurenda þegar húsbyggingin var reist, en sést eftir endilöngum skurði norðan húsveggjar. Undir moldinni er annað mjög svipað lag um 30-40 sm þykkt og sem veggurinn liggur þversum í gegn [106, 110]. Lagið er brúnt með rauðleitri slikju. Engin aðskotaefni sjást í laginu, hvorki aska né kol eða úrgangur. Neðarlega í laginu eru hinsvegar yrjur af svartri, fíngerðri gjósku, væntanlega frá Kötlu um 1500. Undir laginu er síðan syrpa af óhreyfðum jarðlögum, þ.e. náttúruleg grús, fíngerð og rauðleit og með mikilli járnútfellingu sem situr ofan á bláleitum leir [109, 111].



Mynd 5. Skurður 2. Syðri endi efst t.v.


Skurður 2

Skurður 2 liggur samsíða skurði 1 og er 8,5 m austan við hann. Hann er 1 m breiður og 18,2 langur, með stefnu frá SV til NA. Nær hann innnanvert frá fjósinu þar sem það stóð, yfir kverkina sem var á milli fjóss og hlöðu, þaðan á ská yfir norðvesturhorn hlöðunnar og eilítið út á planið við norðurgafl hennar.

Uppgröfturinn gekk erfiðlega uppi á hólnum þar sem húsgrunnar hafa verið fylltir af úrgangi. Austan megin í skurðinum nær ruslið dýpra og var sniðið vestanmegin því teiknað. Í því sjást m.a. leifar torfveggja, sem sjást ekki austan megin og hafa líklega verið fjarlægðar við húsbyggingar eða rask þegar þær voru rifnar og urðaðar.

Efst er grasrótarlag [201] og þar undir talsvert lag af aðborinni möl [202] og náðu þau eftir endilöngum skurði. Í suðvesturenda var komið niður á mikið ruslalag [203]. Syðst varð skurðurinn um 2 m djúpur uns komið var í grábrúna, leirkennda mold, óhreyfðan jarðveg [213]. Fyllingin eða ruslalagið er hræringur af jarðvegi og ýmsum úrgangi úr járni, bæði rör og bárujárn og plasti ásamt spýtnabraki, stöku steinum sem gætu hafa verið upprunalega í hleðslu einhversstaðar á hólnum, steinsteyptum hleðslusteinum og steinsteypubrotum, stórum sem smáum. Talsvert af grjóti og sandi hrundi úr skurðbrúninni. Er suðurendi skurðar í raun djúp gryfja uns komið er að óreglulegum samtíningi af grjóti sem situr á grynnri lögum. Gryfjan er ljóslega eftir haughúsið sem var undir fjósinu og hefur á sínum tíma verið grafin niður í óhreyfðan jarðveg, og við niðurrifið hefur hún verið fyllt af rusli. Gryfjan nær að áðurnefndu grjóti sem situr ofar og hefur verið púkk undir vegg [204] en við rask hefur það verið rifið að mestu. Grjótið var laust og hreyft úr stað en virðist hafa sömu stefnu og bæjarhúsin, þ.e. frá VSV til ANA. Ofan á púkkinu hefur þá væntanlega norðurveggur fjóssins staðið. Niðurgröftur fyrir púkkið er ógreinilegur og sést ekki í sniðinu, en það virðist hafa verið grafið ofan í mjög hreyfðan, brúnan moldarjarðveg [214]. Neðarlega í ruslalaginu er heldur meira af moldarjarðvegi en úrangi og erfitt að sjá hvar ruslalaginu sleppir neðst. Norðan við púkk og þvert yfir skurðinn var

niðurgröftur [217] með sandfyllingu [216] og í henni jarðstrengur, merktur með plastborða. Virðist strengskurðurinn hafa verið grafinn ofan í sama lag og púkkið [214-215]. Ekki var grafið niður úr því lagi vegna hruns úr ruslalagi í brúnum skurðarins. Norðan strengs komu í ljós leifar af steinsteyptum vegg [205] sem liggur þvert á stefnu hinna veggjanna, þ.e.a.s. frá NNV til SSA. Er steinsteypti veggurinn útveggur, þ.e. vesturhlið hlöðunnar. Innan hlöðuveggjar voru jarðlögin grynnri en haughúsmegin og þar blasti við að eldri byggingarleifar hafa varðveist undir hlöðugólfinu. Fast við vegginn innanverðan er brúnt moldarlag [206] með rauðleitri slikju og kolaskellum sem hefur verið grafið í burtu að mestu, væntanlega þegar húsbyggingar voru rifnar. Handan þess eru síðan torfleifar. Efst er hrunlag úr mold með torfusnemplum [207]. Er þetta lag umfangsmikið og nær alla leið að norðurenda skurðarins. Þar undir eru leifar af sæmilega vel varðveittum torfvegg [210]. Torfið er fremur litríkt, í því eru þykkar gráleitar rendur, þá dökkrauð mold með járnútfellingu og á milli þeirra jarðvegur fremur ljós og nær appelsínugulur á lit. Erfitt er að greina hleðslutorfið að öðru leyti, sem svo virðist sem allt að fjögur umför af torfi hafi varðveist og er sá bútur um 40 sm hár. Ekki er hægt að sjá hvernig veggurinn hefur snúið, en væntanlega u.þ.b. frá norðri til suðurs. Undir torfinu er fremur lítið hreyfð, ljósbrún mold með stöku kolaflekkjum [212] og undir henni gráleit og fíngerð, óhreyfð möl [218]. Nyrst í skurðinum kom í ljós torf sem virðist vera leifar af öðrum torfvegg [211], eða veggjaleifar sem hefur verið ýtt út. Þar eru 1-2 umför af torfi sem virðist lítið raskað. Í því eru svartar rendur, mögulega gjóska, svo gráar og dökkgráar, í bland við rauðar, appelsínugular og brúnar rendur með lífrænu efni í. Nyrst í skurðinum var lauslegt grjóthröngl [208] í skurði [209] sem hafði verið grafinn ofan í torflögin. Er þar fundin undirstaðan undir norðurgafl hlöðunnar. Er líklegt að allt þetta torf hafi tilheyrt torfhúsum sem hafa verið jöfnuð við jörðu þegar nýjar byggingar voru reistar, og síðan ýtt til þegar hóllinn var sléttaður þegar yngstu bæjarhúsin voru rifin.




Mynd 6. Vesturhlið skurðar 3, syðri endi t.v.

Skurður 3

Skurður 3 var grafinn 7 m NA við NA enda skurðar 2. Hann er 1 m breiður og 6 m langur, með stefnu frá SV til NA. Skurðurinn er utan við útihúsin og um 5 m norðan við þau, þar sem var malarborið plan í byrjun þessarar aldar. Ekki var kunnugt um húsabyggingar á svæðinu og skurðurinn tekinn til að ganga úr skugga um hvort þar væru byggingaleifar. Teiknuð var vesturhlið skurðar.

Í ljósi alls torfsins sem fannst í norðurenda skurðar 2 var fróðlegt að kanna hvort það næði 7 m norðar, en svo er ekki. Efst er gróðuryfirborð [301] og mölin [302], þar undir. Undir mölinni er dökkbrún mold [303] og í henni einstaka kolaflekkir. Moldin undir henni [304] er mjög svipuð en þó með rauðleitan blæ. Bæði lögin eru fremur hörð og þétt. Þar undir er enn eitt moldarlagið [305], dökkbrúnt en með gráleitum blæ og ögn af fíngerðri möl. Undir laginu er er svart, fíngert gjóskulag [306] um 1-10 mm á þykkt og sem mun vera Kötlulag frá um 1500. Liggur það í fleti og sést í nær öllum skurðinum, en þó slitrótt á stöku stað. Undir gjóskunni er ljósbrún, mjög þétt og fíngerð mold, sem situr ofan á grús og eru þessi lög óhreyfð. Athyglisvert er hve eldri lögin eru lítið hreyfð þrátt fyrir torfbyggingarnar sem stóðu rétt sunnar.




Mynd 7. Vestursnið skurðar 4. Syðri endi efst t.v.

Skurður 4

Skurður 4 liggur 10 m austar en nr 2, og með sömu stefnu, þ.e. SV-NA, 1 m breiður og 20 m langur. Skurðurinn nær frá miðjum suðurgafli hlöðu að innanverðu, þ.e. þar sem hún stóð, yfir norðurhluta útihúss austan hlöðu og norðurfyrir húsaröðina. Teiknuð var vesturhlið skurðar.
Þegar uppgröftur hófst ofan á hólnum syðst var mikil fyrirstaða vegna steinsteypubrota og annars rusls. Var hætt við að grafa niður í neðri lög á fyrsta metra. Undir grasrót [401] og malarlagi [402] kom í ljós ruslalag [403] í nær öllum skurðinum nema yst í norðurenda. Í ruslalaginu, sem er þar sem áður var innan hlöðu, er mold og grjót, brot úr steinsteypu og sum þunn og líklega úr steyptu gólfi sem hefur verið brotið upp, spítnabrak, bárujárn, glerbrot, netadræsur og úrgangur úr plasti og margt fleira og allt í einum hrærigraut. Þá var komið að steyptum vegg [405] sem lá frá NNV til SSA og er það eystri útveggur hlöðunnar. Undir ruslinu innan hlöðu var komið niður á mjög dökkt lag [404], þétt og lífrænt og minnir á undanlás. Undir þessu lagi var móaska [407, 409], rauðleit og svartar linsur. Það var hreyft efst en þéttara þegar neðar dró og lagskipt. Ekki var grafið í gegnum móöskulagið nema að litlu leyti og erfitt að sjá hvað af móöskunni var óraskað. Undir henni var svarleitur, náttúrulegur leir og óhreyfður, þéttur jarðvegur. Austan við hlöðuvegg liggur skurðurinn yfir þar sem var gamalt útihús og hafði hrunið áður en yngri hús voru rifin og yfir NV-horn næsta útihúss þar fyrir austan. Ekki kom vesturhlið þess húss fram í skurðinum, enda hefur öllu verið mokað til við urðun. Hinsvegar sáust leifar af norðurgafli þessa sama húss, þ.e. steinsteyptur veggur úr grófri möl [415] og sneri VNV-ASA. Milli hlöðuveggjar og útihúss var samsvarandi rusl eftir urðun. Utan við hlöðuvegginn liggja dökk moldarlög [408], mjög hrærð og tætingsleg væntanlega röskuð eftir urðun. Liggja þau ofan á torfleifum [410]. Gætu þar verið leifar torfveggjar eldri húsa, en ekki var grafið niður í torfið. Milli torfsins og norðurgafls útihússins að innanverðu var djúp gryfja, þ.e. sem líklega varð til við urðun, enda fyllt af rusli, sem náði niður á leirkennt moldarlag [413] er virðist vera óhreyft. Öðru máli gegndi utanvið gafl útihússins. Hann virðist hafa verið grafinn [414] ofan í torfhrun [411] en neðar virðist torfið þétt og gæti verið hluti torfveggjar sem hefur sloppið við rask þegar hús voru

rifin og urðuð. Hrunlagið er á hreyfðu dökkbrúnu moldarlagi [412]. Í skurðendanum var komið að torfvegg [416] sem liggur ofarlega og nær undir grasrótina, og þar var látið staðar numið. Skurður 5 er nánast framhald til norðurs af skurði 4.




Mynd 8. Vestursnið skurðar 5. Syðri endi efst t.v.

Skurður 5

Skurður 5 er 1 m breiður og 19,5 langur, með stefnu frá SV til NA, í framhaldi og nánast með sömu stefnu og skurður 4. Skurður 5 er utan við allar byggingar frá seinni tíð, þ.e. sem stóðu fram á 21. öld. Hann liggur á bakvið útihús sem var austan megin hlöðunnar. Þar var komið niður á mun grynnri jarðlög en uppi á hólnum þar sem mesta raskið hefur verið. Teiknuð var vesturhlið skurðar.

Undir yfirborðslögum [501-503] syðst í skurðinum er áðurnefndur torfveggur [504] (sjá skurð 4) og norður eftir nær öllum skurðinum er torfefni og steinar, sem líklega hefur verið ýtt út þegar hóllinn var jafnaður fyrir nokkrum árum. Steinarnir gætu hafa verið hleðslugrjót en þar voru líka sléttar hellur, allt fært úr stað af ýtu. Er líklegt að leifar síðasta torfbæjarins hafi varðveist að hluta, þ.e. yngri útihús hafi risið sunnan við bæinn, fremur en beint ofan í bæjarstæðinu. Nokkrar steinhellur gætu hafa sloppið við rót jarðýtunnar og virðist sem þær myndi jafnvel einskonar stétt, og þá líklega utandyra fremur en í gólfi innanhúss. Torfið virðist ólíkt því sem sést í skurði 2. Það er úr ljósbrúnum, gráleitum og leirkenndum jarðvegi með rauðbrúnum eða rústrauðum röndum. Undir torflaginu er brún mold [505] og þar undir ljósari mold [506] með löngum linsum af svartri, fínni gjósku, líklega frá Kötlu 1500. Þar undir er grábrúnt lag með rauðri slikju sem situr á náttúrulegri möl [507].

Líklegt er að þar hafi verið leifar bæjarhóls norðan við útihús og hlöðu sem síðan hefur verið ýtt út þegar húsin framan við voru jöfnuð við jörðu.




Mynd 9. Vestursnið skurðar 6. Syðri endi efst t.v.

Skurður 6

Skurður 6 var grafinn um 2 m austan við nr 5 og með svipaða stefnu, 1 m breiður og 11,2 m langur. Liggur hann utanvið svæðið þar sem bæjarhúsin stóðu á hólnum og voru urðuð, þ.e. um 2,5 m norðan við þau. Teiknuð var vesturhlið skurðar.


Undir yfirborðsmold [601] var malarlag [602] sem náði ekki alla leið í skurðinum, því væntanlega er norðurendi kominn út fyrir malarplanið sem hér var. Syðst varð skurðurinn afar grunnur því komið var beint niður á torf [603], með rauðbrúnum, appelsínugulum, svörtum röndum. Líklega er í torfinu gjóskulagið frá Kötlu 1500 og byggingin því yngri, eða jafnvel talsvert yngri. Grjót situr á torfinu og víða í kring er grjót af ýmsum stærðum bókstaflega í grasrótinni. Þar eru hellur og minnir á raskaða stétt. Er líklegt að grjótið sé ekki allt á upprunalegum stað, en þar virðist hafa verið stétt við húsin sem hefur verið ýtt við þegar rjálað var við hólinn. Ekki var grafið í gegnum torfið. Þar sem torfinu sleppir var grafið niður á óhreyfðan jarðveg, dökkbrúna og þétta mold [604]. Þar undir er ljósleit, grábrún mold [605]. Í henni eru slitrur af Kötlulagi frá 1500. Neðst í skurðinum var komið niður á óhreyft, leirkennt lag [606] sem situr á náttúrulegri grús og ummerki þau sömu og neðst í öðrum skurðum.



Mynd 10. Vestursnið skurðar 7. Syðri endi efst t.v.

Skurður 7

Skurður 7 var grafinn 2 m sunnan og austan við skurð 6 og var 20 m langur 1 m breiður. Liggur hann frá VNV til ASA. Nær hann frá hólnum þar sem hóllinn er hæstur og niður af honum og útfyrir. Nær skurðurinn frá austurvegg útihúss sem stóð austan hlöðu, þ.e. upp við NA-horn hússins og til austurs frá bæjarhúsaröðinni. Teiknuð var norðurhlið skurðar.
Efst var gróið yfirborð [701]. Ekki var hægt að grafa niður í vesturenda skurðar, þar sem þegar var komið ofan í urðunarlag með stórgerðu rusli [702]. Austan við það kom í ljós hrúga af lauslegu grjóti [707], sem hefur verið undirstaða fyrir norðurgafl útihússins, en hefur verið stórlega raskað þegar hús voru rifin. Handan undirstöðunnar kom í ljós torfblandað lag [703]. Í því var dálítið af linsum, ýmist ljósgráar, svargrár eða múrsteinsrauðar og stöku kolablettir. Virðist það vera torfhrun. Undir því var mun þéttara torfefni með sömu einkennum og var ekki grafið ofan í lagið. Virðist gjóskulag frá Kötlu vera í torfinu. Lá torfið víða mjög grunnt og ofan á því steinhellur og annað grjót svo ofarlega að það lá í grasrótinni. Austast í skurðinum, þar sem torfi sleppti tók við brún mold, einsleit, mjög þétt [704]. Efri hlutinn var fremur ljós grábrúnn en varð dekkra og grábrúnt neðar [705]. Neðst var komið ofan í gráa grús [706].




Mynd 11. Norðursnið skurðar 8. Vesturendi efst t.v.

Skurður 8

Skurður 8 var um 8 m sunnan við skurð 7 og lá eins, þ.e. frá VNV til ASA. Hann var 1 m breiður og 13 m langur. Á þessum stað stóð austasta útihúsið ásamt viðbyggingu við austurvegg þess. Teiknuð var norðurhlið skurðar.

Vestari endinn á skurðinum nær frá vestari langvegg hússins að innanverðu og þversum yfir húsið, yfir austurvegg þess, sem og yfir austurvegg viðbyggingar og út fyrir.

Undir gróðurmoldinni efst [801] var komið niður á ruslalag sem náði eftir endilöngum skurði [804-806]. Náði urðaða efnið austur að hrúgu af lauslegu grjóti sem er væntanlega púkk [803] undir austurvegg útihússins og og blandaðist henni. Aðeins norðar voru samskonar ummerki, en veigaminni, þ.e. skurður [811] með grjóti í [807] og hefur þar verið austurveggur viðbyggingar við útihúsið. Jarðvegur sem ekki var búið að raska við urðun kom fram milli þessara veggja og austan þeirra en er talsvert grunnur. Í honum er frekar hrein mold en stöku móöskkublettir og tilfallandi grjót [808-809]. Neðarlega í laginu er svart, fíngert gjóskulag og mun það vera Kötlulagið frá 1500. Neðan við moldina tók við malargrús [810]. Ljóst er að torfleifarnar sem sjást m.a. í skurði 7 ná ekki alla leið austur að skurði 8.




Mynd 12. Vestursnið skurðar 9. Syðri endi neðst t.v.

Skurður 9

Skurður 9 var tekinn sunnan í bæjarhól, svotil þversum á stefnu skurða norðanmegin. Hann lá frá NNV til SSA, 14 m langur og 1 m breiður. Er hann 6 m vestan við vesturenda skurðar 8. Efri endinn, þ.e. sá nyrðri, nær frá suðurgafli útihússins sem stóð austan hlöðu. Teiknuð var vesturhlið skurðar.

Efst og nyrst voru stórar steinsteypublokkir, grjót og annar úrgangur [903] sem ekki var unnt að grafa í gegnum. Ögn sunnar var grafið niður í gegnum gróðurmold [901] og mikið malarlag [902] um 10-20 sm þykkt og með stöku grjóti í. Undir mölinni tók við fremur einsleit mold, dökkbrún með stöku móöskuflekkjum [904]. Lá hún yfir móöskulagi [905] sem nær frá norðurenda skurðar en hallar niður með hólnum og þynnist út sunnar í skurðinum. Er askan bæði dökk og ljósrauð og talsvert af kolum í henni.

Móaskan gæti hafa borist frá eldri bæjarhúsum ofan á hólnum, en torfbyggingar sem sjást í skurðum 4-7 hafa ekki náð að norðurenda skurðar 9.




Mynd 13. Vestursnið skurðar 10. Syðri endi neðst t.v.

Skurður 10

Skurður 10 var tekinn 6 m vestan við skurð 9 og í sömu stefnu, þ.e. NNV-SSA. Norðurendinn er á háhólnum og liggur skurðurinn frá suðurgafli útihússins sem stóð austan við hlöðu, 19 m langur og 1 m breiður. Teiknuð var vesturhlið skurðar.
Þegar yfirborðslag og malarlag [1001] undir því voru fjarlægð komu í ljós í norðurendanum ávalir fjörusteinar og sandur. Hafa það verið veggjaundirstöður suðurgafls útihúss sem þar stóð en hefur verið rifið og urðað, enda var stefnan á púkkinu frá ASA til VNV. Skurðurinn var grafinn sunnan við gaflinn. Í malarlaginu undir gróðurmoldinni var talsvert af rusli, þ.e. efni sem hafði verið urðað. Þar undir kom í ljós dökkbrúnt moldarlag [1002] og í því stöku blettir af móösku og kolum. Lagið er þykkt og samfellt og nær út í suðurenda skurðarins. Neðst í þessu lagi var svart, fíngert gjóskulag og mjög greinilegt, einkum nyrst. Reyndist það vera um 1 sm þykkt nyrst en þynnist út til suðurs. Er það væntanlega úr Kötlugosið um 1500. Undir gjóskunni er grábrún mold með talsverðri móösku í [1003]. Nær hún að torflagi [1006, 1004] sem virðist vera hrunið torf og liggur það þétt við standandi torfvegg [1007]. Veggnum virðist halla til norðurs, líkt og hann hafi verið að falli kominn og síðan hefur lagst að honum áfoksjarðvegur. Torfið í veggnum er lagskipt og með áberandi röndum. Þar í var sendið lag með grágrænni slikju, dökk-rústrauð mold, járnútfelling og ljósleitir leirflekkir. Mögulegt er að í torfinu votti fyrir landnámsgjósku. Athyglisvert er að Kötlulagið liggur klárlega ofan á veggnum og hefur m.a.s. lagst í skafl sunnan við hann. Dökkbrúna moldarlagið [1005] sem Kötlulagið er í norðan veggjar heldur áfram sunnan hans. Í því sér enn gjóskuna en hún verður mjög slitrótt sunnan til í skurðinum. Undir veggnum og laginu með gjóskunni er síðan samfellt, grábrúnt moldarlag [1008] sem virðist fremur hreint og annað svipað undir því, ljósbrúnt og óskert [1009]. Eru þau bæði líklega óhreyfð.

Áðurnefnd torfhleðsla sést vel í vesturbrún skurðarins en er ógreinilegri og minni um sig austan megin. Þetta hleðsluefni sést ekki í skurði 9 sem liggur 6 m austar. Einungis sást 1 veggur og gæti hann hafa verið e.k. garður. Ekki sáust gólflög við hleðsluna og engir gripir eða bein fundust. Afráðið var að grafa ekki dýpra norðan megin til að spilla ekki minjunum frekar. Gæti verið að hér hafi staðið hús og þá er veggurinn mögulega suðurhlið þess. Gæti það hús þá legið vestan við skurð 10 eða jafnvel norðan við. Athyglisvert er ef reist hefur verið hús neðan við náttúrulega hólinn sem bærinn stóð á síðar. Má vera að móaskan hafi borist frá bænum ofan á hólnum, en eins er mögulegt að hún komi frá meintu húsi sem hleðslan tilheyrir og hefur það þá verið mannabústaður, og eldri en húsin uppi á hól.




Mynd 14. Vestursnið skurðar 11. Syðri endi neðst t.v.

Skurður 11

Skurður 11 lá með sömu stefnu og nr 10, þ.e. NNV-SSA, um 7 m vestar og var 17 m langur og 1 m breiður. Hann lá austan við íbúðarhús en sunnan við útihúsin sem stóðu aftar á bæjarhlaðinu. Skurðurinn náði frá kverk sem var milli íbúðarhúss (NA horn þess) og útihúsa og suður í kálgarð sem var fyrir framan hús um og eftir miðja 20. öld. Teiknuð var vesturhlið skurðar.

Efst var gróðurlag [1101] og undir því fyrir miðjum skurði var möl [1102]. Komið var niður á grjót úr undirstöðu veggjar útihúss nyrst í skurðinum og ruslalag [1105] frá því húsin voru rifin. Í efri hluta skurðar var komið niður á brúnt moldarlag [1106]. Er það talsvert hreyft, með stöku móöskuskellum. Virðist það hafa safnast saman í dokk sem var á milli hússins og móöskuhaugs [1107] sem lá í slakkanum neðan við húsin. Reyndist skurðurinn nær fullur af móösku, og náði hún suður í skurðenda og væntanlega enn lengra til suðurs niður hallann. Ofan í móöskuna hefur verið grafin hola [1104], líklega nýlega þar sem hún nær frá yfirborðslögum og niður í öskuna og í fyllingunni er brún mold [1103]. Efst er móaskan dálítið rótuð og ljósrauðleit, en verður svo mjög rauð og dökknar neðar. Í henni eru í neðri hluta áberandi linsur og lagskipting. Lagskiptingingunni hallar niður, þ.e. niður í móti og fylgir halla hólsins. Stöku dýrabein liggur í

öskunni og vottur af skeljum. Grafið var í gegnum móöskuna, m.a. til að kanna hvort framhald væri á byggingaleifum sem komu í ljós í skurði 10. Reyndist móöskulagið allþykkt, frá 50 til 100 sm. Undir móöskunni komu ekki neinar torfleifar í ljós, heldur er undir henni lítið hreyfð, ljósleit mold [1108]. Athyglisvert er að undir þeirri mold kom fram dálítið skeljalag [1109] í norðurhluta skurðarins. Undir þessum lögum var leirkenndur jarðvegur með rauðbrúnni mold og grágrænni slikju [1110]. Virðist hann að mestu óhreyfður og undir honum er óhreyfð grús [1111]. Er grúsin á talsverðu dýpi, eða um 1.9 m í syðri enda skurðar.
Gætu hér hafa verið myndarlegir öskuhaugar, en efsta hluta þeirra mögulega ýtt út. Askan gæti hafa borist niður hólinn frá torfhúsunum ofan á hólnum, en hún liggur miklu nær torfbyggingunni sem kom í ljós í skurði 10 og gæti allt eins hafa komið þaðan.




Mynd 15. Vestursnið skurðar 12. Syðri endi neðst t.v.

Skurður 12

Skurður 12 var með sömu stefnu og nr 11, um 7 m vestar og var 16,2 m langur og 1 m breiður. Hann náði frá þar sem komu saman suðurveggur hlöðu og norðurgafl íbúðarhússins, þaðan undir miðju íbúðarhúsi, út fyrir suðurgafl þess og inn í kálgarð sem var sunnan við hús. Teiknuð var vesturhlið skurðar.
Efst í skurði var gróðurmold [1201]. Erfiðlega gekk að grafa niður nyrst í skurði, enda voru þar steinsteypubrot og annað efni sem hefur verið urðað á staðnum [1202]. Eru þar leifar nyrðri gafls hússins [1215]. Sex metrum sunnar fundust undirstöður undir suðurgafl hússins [1205, 1206]. Gólfplatan þar á milli hefur verið fjarlægð, en í ljós kom grá möl og undir henni rauð möl [1203, 1204], sem hafa væntanlega þakið húsgrunninn á sínum tíma. Sunnan við syðri vegg hússins var samsvarandi malarlag og annarsstaðar á hólnum. Undir möl var lag [1207, 1208,

1209] sem náði frá nyrðri húsvegg, undir húsið og suður í skurðenda. Í því er brún mold og talsvert af móöskulinsum og kolaflekkjum.
Undir moldarlaginu kom í ljós móaska [1210, 1211], sem var slitrótt undir húsinu en varð þykkari, um 25 sm og náði suður í skurðenda. Hún er rauðbrún og ljósrauð á köflum og í henni kolaflekkir en engin dýrabein eða annar úrgangur. Móaskan virðist nokkuð hreyfð og ekki lagskipt, þótt í henni séu nokkrar reglulegar linsur. Beint undir henni var blandað moldarlag, rauðbrúnt með stöku kolaflekkjum og móösku [1212]. Undir moldinni var komið niður á jarðveg [1213, 1214] sem í fyrstu minnti á torf, en er líklega óhreyfður jarðvegur með upprunalegum jarðlögum. Er hann lagskiptur, með með rústrauðum, grágrænum, svörtum og dökkbrúnum röndum. Hér og hvar virðist vera torfhrun, þ.e. brúnleitur jarðvegur með þessum sömu litabrigðum, en líklegast er hér um að ræða rót og rask þar sem farið hefur verið ofan í óhreyfðu lögin.
Ekki er ljóst hvaðan móaskan hefur borist, en líklegast hafa staðið móöskuhaugar neðan við bæjarhólinn og askan því borist frá bæjarstæðinu sem er um 20 m frá og liggur ofar en slakkinn sem skurður 12 er í. Eins er mögulegt að askan eigi uppruna sinn frá fornu mannvirkjunum sem sjást í skurði 10 og sé hluti af sömu móöskuhaugum og sjást í skurði 11.



Mynd 16. Vestursnið skurðar 13. Syðri endi t.v.

Skurður 13

Skurður 13 liggur frá SV til NA, og var 3.6 m langur og 1 m breiður. Er hann 9 m vestan við skurð 12 og er þar sem hlaðið var, milli fjóss og sólstofu íbúðarhúss. Var hann grafinn til að kanna hvort eldri byggingar leyndust þar sem hlaðið var í seinni tíð. Teiknuð var vesturhlið skurðar.
Yfir endilöngum skurðinum er gróðurlag [1301] og undir því þykkt malalag [1302], þ.e. planið við bæinn. Undir mölinni tók við dökkt, þykkt moldarlag [1303]. Í því voru litlar linsur af móösku, einstaka kolaflekkir, sandur og möl. Í efra horni, nær fjósi er niðurgröftur, þ.e. skurður [1304] fyrir steinsteypt rör og fyllingin [1305] er í raun sama mold og grafið var ofan í. Undir dökku moldinni er annað moldarlag [1306], aðeins fíngerðara, ljósara og með gráleitum blæ. Í því er engin

móaska en örfáir kolaflekkir og rústrauðir blettir. Þar undir kemur hreinn, ljósleitur, brúnn jarðvegur [1307] og mikið af járnútfellingu í honum. Neðst er lag með syrpu af óhreyfðum jarðvegi [1308], reglulega lagskipt með dökkbrúnum, ljósleitum og grágrænum röndum, með járnútfellingu og liggja þessi lög ofan á óhreyfðri grús neðst [1309]. Ekki er að sjá að Kötlulagið frá 1500 hafi varðveist á þessum stað, en neðstu, óhreyfðu lögin minna á landnámssyrpuna og neðstu lögin sem eru eftir endilöngum skurði 12.

Niðurstöður

Uppgröfturinn reyndist gefa ágæta heildarmynd af staðsetningu, ástandi og umfangi mannvistarlaga í bæjarhólnum. Er sú mynd þó háð takmörkunum sem fylgir aðferðinni: skurðir geta gefið mjög mikilvægar vísbendingar, en má vera að minjar leynist þar sem ekki var grafið og eins getur verið að ummerki sem sjást í sniði skurðar geti verið mistúlkuð þar sem samhengi vantar.
Fyrir uppgröft lá ekki fyrir vitneskja um hvort öll ummerki um húsin sem þar stóðu hefðu verið afmáð, né hvort eldri byggingaleifar hafi skemmst við þá framkvæmd. Við upphaf uppgraftar kom í ljós að enn eru grunnar yngstu húsanna í hólnum sem og að talsvert af steinsteypu og öðru byggingarefni hefur verið urðað í hólinn. Úrgangurinn gerði það að verkum að ekki var hægt með góðu móti að grafa djúpa könnunarskurði í miðjan hólinn, en auðveldara þar sem húsgrunnum sleppti. Eins er ljóst að eftir að húsin voru jöfnuð við jörðu hefur ýta farið um hólinn og gert hann ávalann og síðan sáð í hann grasi.
Þrátt fyrir raskið, og takmörk rannsóknaskurða, var ánægjulegt að sjá að gott samræmi reyndist vera á milli ólíkra heimilda um staðinn.
Verður nú reynt að draga upp heildarmynd af staðnum í ljósi uppgraftarins.

Neðst í flestum skurðum er fíngerð, gráleit möl sem mun vera ummerki frá ísöld. Yfir grúsinni er víða leirkenndur jarðvegur og í honum dökk og grænleit lög sem gætu verið gjóska frá forsögulegum tíma. Ofan á þeim sést víða grábrúnn jarðvegur sem virðist að mestu óhreyfður. Í skurði 10, sunnan megin við miðjan hólinn, er torfveggur sem situr beint ofan á því lagi, og undir gjóskulagi úr Kötlu sem er frá um 1500. Eru það elstu minjarnar sem hafa komið í ljós til þessa. Sunnan megin við hólinn er umfangsmikið móöskulag og a.m.k. neðri hluti þess virðist lagskiptur og hefur ekki verið raskað. Óvíst er hvort móaskan komið frá bústað sunnan hóls eða norðan. Efst á hólnum komu einnig í ljós mannvirki úr torfi sem og stétt úr stórum hellum. Liggja þessar minjar nánast í yfirborðinu og er líklegt að ýtt hafi verið ofan af þeim til að slétta hólinn út þegar húsin voru rifin. Ekki var grafið í byggingaleifarnar en hægt er að áætla umfangið út frá skurðum í og við svæðið. Ef leifarnar eru nokkuð samfelldar virðast þær hafa þakið svæði sem er um 40 á lengdina (A-V) og 15-20 m breitt (N-S). Er þetta svæði sami hóllinn og sést á ljósmynd frá árinu 2000, á bakvið útihúsin. Þegar lega torfminjanna er borin saman við túnakort sem gert var af bænum 1920 og sýnir staðsetningu síðasta torfbæjarins í Katanesi þá er ágætt samræmi þar á milli. Þar sem ekki var grafið niður í rústirnar er enn óvíst hvort torfbærinn hafi verið reistur á eldri mannvirkjum. Ljóst er að þessar torfminjar eru langtum yngri en þær sem komu í ljós sunnan hóls (skurður 10). Auk þess er forvitnilegt að sjá að örskammt norðan við torfsvæðið er nánast óhreyfður jarðvegur og þar í liggur Kötlulagið óraskað. Er mögulegt að þar leynist

vísbending um að ekki hafi verið neitt búsumstang á þessum stað, heldur annarsstaðar á hólnum, t.a.m. sunnan við hann, eða á öðrum stað í landi Kataness. Eins mætti álykta að bærinn hafi farið í eyði á miðöldum og byggst aftur upp síðar.
Varðandi heildarumfang fornleifa á og við hólinn, þá fundust engar minjar vestan megin á honum. Ljóst er að síðasta íbúðarhúsið (1939) sem stendur vestantil, var ekki reist á eldri bæjarleifum. Enginn kjallari var undir húsinu og þar undir eru mannvistarlög en engar veggjaleifar. Ekki er hægt að segja til um hvort minjar leynist beint undir þeim húsum sem stóðu á hólnum síðast enda óhægt um vik að grafa könnunarskurði í gegnum urðaðan úrgang. Þó er ljóst að þar sem haughúsið stóð er engra minja að vænta því grunnurinn er djúpur og nær niður í óhreyfðan jarðveg. Áðurnefndar minjar norðan við húsin ná að hluta undir norðurenda hlöðunnar og útihúsin austan hennar. Má vera að þær minjar teygi sig ögn lengra til norðurs. Austast á hólnum komu engar fornleifar í ljós.
Við fyrstu sýn virðist sem útihús og hlaða hafi verið reist fyrir framan (sunnan) gamla torfbæinn. Þegar húsin voru rifin voru grunnarnir fylltir, og má vera að ýtt hafi verið ofan af hólnum þar sem torfbærinn stóð, en þó ekki meir en svo að leifar eru af honum. A priori virðist bærinn hafa staðið í kverkinni sem myndast af austurenda hlöðu og norðurgöflum bakhúsa. Má vera að eldri bær (sbr meint torf) hafi staðið enn norðar og því ekki raskað við byggingar íbúðarhúss eða útihúsa sem standa sunnar á hólnum.

Stóri hóllinn á Katanesi er umfangsmikill, en þar er ekki að finna samfellda byggðasögu. Sunnan í hólnum eru byggingaleifar frá lokum miðalda, og norðanmegin á honum eru leifar síðasta torfbæjarins, þ.e. frá 19. öld. Athyglisvert er að ekki komu í ljós minjar frá elstu tíð (c. 870-1300), og óvíst er að samfelld byggð hafi verið á hólnum frá miðöldum til 20. aldar.

Heimildir

Óprentaðar heimildir
Landmælingar Íslands, Akranesi Loftmyndasafn
Sýslumannsembættið í Borgarnesi Landamerkjabók Borgar- og Mýrasýslu
Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík Túnakort Kataness
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, Reykjavík
Örnefnaskrá Kataness

Prentaðar heimildir
Adolf Friðriksson, 2000. Fornleifakönnun í landi Klafastaða og Kataness. FS127-00181: Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
Adolf Friðriksson, 2003. Fornleifakönnun í landi Kataness á Hvalfjarðarströnd 2003. FS205-03071: Fornleifastofnun Íslands.
Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir, Megan T. Hicks, Howell M. Roberts, Gísli Pálsson og Garðar Guðmundsson, 2015. Fornleifarannsóknir á Katanesi 2014: forkönnun. FS561-14181: Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
Birna Lárusdóttir. (2003). Fornleifakönnun í landi Kataness II: Úttekt á tveimur byggingarreitum vegna fyrirhugaðrar rafskautaverksmiðju. FS208-03072: Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík
Birna Lárusdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Uggi Ævarsson, 2003. Fornleifaskráning í Hvalfjarðarstrandarhreppi. FS214-00034: Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
DI: Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
Hildur Gestsdóttir og Guðrún Alda Gísladóttir, 2015. Fornleifauppgröftur í Katanesi 2014. Framkvæmdarannsókn. FS563-14182: Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.
Jarðabók: Árni Magnússon & Páll Vídalín, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Kh., Hið íslenzka fræðafélag, 1913.
ÍF: Íslensk fornrit, I. Íslendingabók – Landnámabók; Íslensk fornrit XII Harðar saga.
J. Johnsen: Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202407-0116. **Þjóðminjasafnsnúmer:** 2024-56.

Númer fornleifa: Bæjarhóll á Katanesi er nr. BO-01:001. Sbr.: Adolf Friðriksson, Fornleifar á Katanesi - Skráning fornleifa vegna umhverfismats 2023. FS966-23351, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2023.

Stutt lýsing rannsóknar: Könnunarskurðir vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar vetnisverksmiðju.

Tegund rannsóknar: Könnunarskurðir vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Könnunarskurðir voru opnaðir með vélknúinni gröfu. Skurðir voru grafnir niður á mannvistarlög eða náttúruleg jarðlög. Samkvæmt samkomulagi rannsakenda, verkkaupa, lóðareiganda og MÍ voru skurðir ekki fylltir þar sem til stendur að fjarlægja úrgang sem urðaður hefur verið á hólnum.

Staðsetning: Katanes í Hvalfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu

GPS hnit: ISN93: 366700A, 432120N.

Rannsóknartími: Vettvangsvinna stóð yfir frá 2. júlí til 8. september 2025.

Leyfishafi: Adolf Friðriksson

Fjöldi starfsmanna: 3